

Kópavogsbær Menningarmál

Greining á rekstri og
tækifærum til hagræðingar

Mars 2023

Trúnaðarmál

Um verkefnið

Kópavogsbær hefur metnað til að veita íbúum framúrskarandi þjónustu á skilvirkan og hagkvæman máta.

Á þeirri vegferð er mikilvægt að rýna rekstur og fyrirkomulag menningarmála með það að markmiði að auka skilvirkni og leita hagræðingartækifæra.

Í verkefninu var áhersla lögð á að finna tækifæri til að draga úr umfangi rekstrar, svo sem með útvistun verkefna.



Fyrirvari:

Við greiningu á núverandi stöðu er stuðst við bókhaldsgögn árið 2022. Talnaefni úr fjárhagsáætlun ársins 2022 sem notað er til samanburðar við rauntölur eru frá fjármálasviði.

KPMG hefur ekki framkvæmt könnun né aðra skoðun á ofangreindum fjárhagsupplýsingum.

KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni greiningarinnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram.

Tækifæri og hugmyndir sem lagðar eru fram byggja á fyrirbyggjandi forsendum, sem þarfnast nánari útfærslu.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli greiningarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða er hjá sveitarfélaginu.

Efnisyfirlit

- 4** Samantekt
- 6** Fjármál
- 13** Mat á rekstri og tækifærum
- 50** Áætlað hagræði og önnur tækifæri

Tengiliðir KPMG

Róbert Ragnarsson

Senior Manager

Sími: : 545 6223 / 649 5535

rragnarsson@kpmg.is

Ingimar Guðmundsson

Senior Manager

Sími: 545 6253 / 867 2234

igudmundsson@kpmg.is

Dröfn Farestveit

Associate

Sími: 545 6097 / 822 7323

dfarestveit@kpmg.is

01

Samantekt

Lykilniðurstöður

Bókasafnið


- Auka sjálfsafgreiðslu og breyta/stytta opnunartíma
- Fækka yfirvinnutímum
- Fókus á þróunar- og nýsköpunarverkefni
- Leigja út sali á 1. og 3. hæð
- Auka þjónustu í efri byggðum

Náttúrufræðistofa

- Endurskoða markmið með rekstur safnsins með tilliti til lögbundinna verkefna sveitarfélaga
- Hugsanlega aðskilja menningarstarfsemi (safnkost) og samkeppnisrekstur (rannsóknir)
- Efla samstarf við skóla í Kópavogi

Salurinn

- Auka tekjur með aukinni mönnun er sinnir markaðs- og sölustarfsemi og stjórn viðburða
- Skoða kosti og galla þess að bjóða út reksturinn
- Aukin áhersla á markaðssetningu fyrir ráðstefnur og viðburði
- Fela rekstraraðila að sjá um veitingasölu
- Uppfæra vefsíðu daglega og tryggja að ekki séu auglýstir liðnir viðburðir



Gerðarsafn

- Auka sértekjur
- Húsverðir sjái um almennt viðhald í stað starfsfólks
- Hækka verð og breyta opnunartíma
- Nýta nýja starfsmenn í tekjuaukandi verkefni svo sem útleigu á sölum og fræðslu
- Setja upplýsingar um útleigu á sölum fyrir viðburði á vefsíðu

Héraðsskjalasafn

- Endurskoða markmið með rekstri safnsins með tilliti til lögbundinna verkefna sveitarfélaga
- Marka stefnu um rekstur safnsins með samstarf við önnur opinber skjalasöfn í huga
- Sporna við aukinni húsnæðisþörf til framtíðar með því að stuðla að stafrænni vörslu gagna og rafrænum skilum

02

Fjármál

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Sveitarfélagasjáin - Ársreikningar 2021

Menningarmál

- Útgjöld Kópavogsbæjar til menningarmála (05) er tæplega 19.000 kr./íbúa, en landsmeðaltal er 33.500 kr./íbúa.
- Ef rýnt er í kostnað deilda og hann borinn saman við önnur sveitarfélög má sjá að Kópavogsbær er með hæstu gildi á íbúa í sameiginlegum liðum og rekstri listasafna. Má rekja það til launakostnaðar.
- Það veitir vísbendingar um að æskilegt sé að skoða þann rekstur sérstaklega.

Eignir Kópavogs

- Kópavogsbær er með flestu fermetrana fyrir söfn og menningarhús.

Back to report

NIDURSTAÐA MÁLAFLOKKA, DEILDA OG TEGUNDA Á HVERN ÍBÚA OG SEM HLUTFALL AF TEK...

Sveitarfélag	Garðabær		Hafnarfjarðarkaupstaður		Kópavogsbær		Mosfellsbær		Reykjanesbær	
Málaflokkar	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur	Gildi pr íbúa	% tekjur
00 Skatttekjur	-885,938		-884,756		-844,058		-908,069		-799,559	
02 Félagsþjónusta	145,349	16.4%	196,407	22.2%	142,701	16.9%	183,060	20.2%	119,167	14.9%
03 Heilbrigðismál	670	0.1%	783	0.1%	53	0.0%	1,058	0.1%		
04 Fræðslu- og uppeldismál	512,415	57.8%	514,681	58.2%	484,272	57.4%	512,466	56.4%	432,552	54.1%
05 Menningarmál	13,129	1.5%	17,622	2.0%	18,936	2.2%	14,400	1.6%	22,320	2.8%

05 Menningarmál

05 0 Sameiginlegir liðir	1,276	0.1%	102	0.0%	1,757	0.2%	618	0.1%	935	0.1%
05 2 Bókasöfn	5,586	0.6%	7,494	0.8%	6,695	0.8%	9,377	1.0%	4,572	0.6%
05 3 Önnur söfn	3,852	0.4%	2,893	0.3%	3,503	0.4%	1,273	0.1%	5,354	0.7%
05 4 Byggðasaga	5	0.0%								
05 5 Listir	513	0.1%	720	0.1%	3,633	0.4%	81	0.0%	1,229	0.2%
05 6 Menningarhús - Félagsheimili	768	0.1%	4,378	0.5%	988	0.1%			9,071	1.1%
05 7 Hátíðahöld	564	0.1%	1,292	0.1%	869	0.1%	675	0.1%	863	0.1%
05 8 Ýmsir styrkir og framlög	565	0.1%	743	0.1%	1,491	0.2%	2,375	0.3%	296	0.0%

Stærð (m2)

Flokkur	Kópavogsbær	Garðabær	Mosfellsbær	Reykjanesbær
Atvinnuhúsnæði	37,735.2	7,396.8	638.4	39,253.8
Bílastjallari/bílskúr	438.0	2,174.4	4,313.4	2,261.4
Dvalarheimili	29,182.2	49,606.2	15,343.8	
Félagsheimili/félagsmiðstöð	31,227.6	1,708.2	942.0	44,098.8
Flugvöllur				
Íbúðarhúsnæði	22,971.0	36,864.6	18,818.4	20,626.8
Íþróttahús/sundlaug	338,506.8	185,380.8	97,267.2	93,231.6
Lóð	3,272.4	236,458.8	3,293.4	0.0
Safn/menningarhús	25,414.8	3,111.6		14,047.8

Deildir menningarmála – Rekstrargreining með rýniviðtölum

Í úttekt var sérstök áhersla lögð á eftirfarandi deildir og forstöðumenn teknir í rýniviðtöl. Ítarlegri greining og skýringar á rekstri deilda eru undir viðeigandi köflum greiningarinnar.

Deildir menningarmála - forstöðumenn teknir í rýniviðtöl. Farið yfir rekstur og ferla.						
	Rekstrarstærðir ársins 2022 úr fjárhagskerfi Kópavogsbæjar					
	Bókasafn Kópavogs	Lindarsafn	Héraðsskjala- safn	Náttúrufræði- stofa	Gerðarsafn	Salurinn
Rekstrartekjur						
Tekjur	12.044.577	569.700	11.782.033	32.833.001	30.555.247	110.587.655
	12.044.577	569.700	11.782.033	32.833.001	30.555.247	110.587.655
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	153.674.917	25.481.020	41.779.064	65.529.651	55.341.958	43.058.948
Annar rekstrarkostnaður	94.898.549	15.274.942	17.662.152	41.710.582	115.758.464	90.551.885
Afskriftir	0	0	0	0	0	12.566.112
	248.573.466	40.755.962	59.441.216	107.240.233	171.100.422	146.176.945
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði.....	(236.528.889)	(40.186.262)	(47.659.183)	(74.407.232)	(140.545.175)	(35.589.290)
Fjármagnsgjöld	0	0	0	0	0	11.221.336
Rekstrarhalli ársins.....	(236.528.889)	(40.186.262)	(47.659.183)	(74.407.232)	(140.545.175)	(46.810.626)

Deildir menningarmála – Rekstrargreining, aðrar deildir

Samanteknar aðrar deildir innan menningarmála.

Ítarlegri greining og skýringar á rekstrarfjárhæðum eru á næstu blaðsíðum. Ekki var farið í sérstakar ferlaskoðanir á þessum deildum þar sem um er að ræða stoðdeild, sameiginlegan rekstur, bæjarhátíðir og áhersluverkefni.

Aðrar deildir menningarmála									
Rekstrarstærðir ársins 2022 úr fjárhagskerfi Kópavogsbæjar									
	Menningarmál, yfirstjórn	Safnahús, sameiginlegt	Listasafn kaffitería	17. júní	Sumarhátíðir	Jól og áramót	Lista- og menningarráð	Leikfélög	Vatnsdropinn
Rekstrartekjur									
Tekjur	10.847.000	109.120.692	960.000	0	0	0	0	0	36.872.434
	10.847.000	109.120.692	960.000	0	0	0	0	0	36.872.434
Rekstrargjöld									
Laun og launatengd gjöld	61.237.279	0	0	0	0	0	6.001.579	0	0
Annar rekstrarkostnaður	18.082.739	110.920.978	959.912	840.064	12.267.177	33.701.660	39.427.617	6.326.370	20.198.895
	79.320.018	110.920.978	959.912	840.064	12.267.177	33.701.660	45.429.196	6.326.370	20.198.895
(Rekstrarhalli) rekstrarafgangur	(68.473.018)	(1.800.286)	88	(840.064)	(12.267.177)	(33.701.660)	(45.429.196)	(6.326.370)	16.673.539

Deildir menningarmála – Rekstrargreining, aðrar deildir (framhald)

Samanteknar aðrar deildir innan menningarmála, greining rekstrarstærða.

- Menningarmál, yfirstjórn:
 - Tekjur yfirstjórnar eru styrkir vegna átaksverkefna.
 - Á árinu voru 4 stöðugildi þar af er eitt vegna átaksverkefnisins Vatnsdropans. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum var 31% á árinu 2022. Launakostnaður á hvert stöðugildi er um 15 millj. kr.
 - Af 18,1 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði er 0,5 millj. kr. innri kostnaður vegna tölvukerfis. Að langstærstum hluta er annar rekstrarkostnaður deildarinnar auglýsingakostnaður.
- Safnahús, sameiginlegt:
 - Tekjur Safnahúss eru að öllu leyti innri tekjur.
 - Af 110,9 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði er 90,0 millj. kr. innri kostnaður vegna húsaleigu. Fyrir utan innri kostnað eru stærstu kostnaðarliðirnir aðkeypt sérfræðipjónusta að fjárhæð 7,0 millj. kr., kaup á ýmsum búnaði að fjárhæð 3,2 millj. kr. og kostnaður vegna hugbúnaðar að fjárhæð 2,6 millj. kr.
- Listasafn kaffitería:
 - Lítil eining með samtals tekjur að fjárhæð 1,0 millj. kr. vegna húsaleigu og kaup á annarri þjónustu að fjárhæð 1,0 millj. kr.
- 17. júní:
 - Lítil eining með kostnað að fjárhæð 0,8 millj. kr. árið 2022 sem aðallega er vegna innri vinnu að fjárhæð 0,5 millj. kr., og styrkja að fjárhæð 0,3 millj. kr.

Deildir menningarmála – Rekstrargreining, aðrar deildir (framhald)

Samanteknar aðrar deildir innan menningarmála, greining rekstarstærða.

- Sumarhátíðir:
 - Aðeins kostnaður vegna styrkja, veittir styrkir á árinu 2022 námu 12,2 millj. kr. Þessir styrkir eru nánast eingöngu vegna 17. júní hátíðar og eru að mestu til skemmtikrafta og listamanna.
- Jól og áramót:
 - Aðeins kostnaður er færður á deildina. Innri kostnaður er að fjárhæð 1,5 millj. kr. Langstærsti kostnaðarliður deildarinnar er vegna greiðslna til verktaka að fjárhæð 25,2 millj. kr. á árinu 2022. Kostnaður vegna vörukaupa nam 6,2 millj. kr. á árinu 2022. Styrkir deildarinnar námu 0,3 millj. kr. á árinu 2022.
- Lista og menningarráð:
 - Laun og launatengd gjöld námu 5,6 millj. kr. á árinu 2022.
 - Annar rekstrarkostnaður er nær eingöngu vegna styrkja og framlaga á árinu 2022. Styrkir og framlög námu 38,5 millj. kr. árið 2022. Að stærstum hluta runnu styrkir til félaga og stofnana eða að fjárhæð 25 millj. kr. Til einstaklinga námu styrkir samtals 13,5 millj. kr. Helstu styrktarverkefni voru Styrkir, Lista og menningaráðs samtals 13,2 millj. kr., Salurinn samtals 7,2 millj. kr., Gerðarsafn samtals 4,5 millj. kr., Fjölskyldustund menningarhúsanna samtals 2,8 millj. kr., Jón úr Vör samtals 2,7 millj. kr., og Barnamenningarhátíð samtals 2,3 millj. kr.

Deildir menningarmála – Rekstrargreining, aðrar deildir (framhald)

Samanteknar aðrar deildir innan menningarmála, greining rekstarstærða.

- Leikfélög:
 - Aðeins styrkir vegna Leikfélags Kópavogs að fjárhæð 6,3 millj. kr. á árinu 2022 vegna afborgunar skuldabréfs og samkvæmt gömlum samningi.
- Vatnsdropinn:
 - Sérstakt verkefni sem í raun er núll verkefni en það þýðir að styrkir eru á móti öllum útgjöldum.
 - Tekjur Vatnsdropans eru styrkir.
 - Kostnaður Vatnsdropans eru þjónustukaup að fjárhæð 12,2 millj. kr., styrkir og framlög að fjárhæð 4,5 millj. kr. og vörukaup að fjárhæð 3,2 millj. kr. Skv. stjórnendum mun rekstur þessa verkefnis enda á núlli.
 - Það er greinilegt að þarna eru ófærð gjöld í bókhaldi að fjárhæð 16,6 millj. kr. þar sem bókhaldið sýnir rekstrarafgang af verkefninu að fjárhæð 16,6 millj. kr.

03

Mat á rekstri og tækifærum

Menningarhúsin

Rekstur og fyrirkomulag menningarhúsa Kópavogsbæjar var rýndur með það að markmiði að:

- Auka skilvirkni
- Leita að hagræðingartækifærum
- Tryggja að Kópavogsbær geti veitt íbúum áframhaldandi framúrskarandi þjónustu

01

Bókasafnið

02

Gerðarsafn

03

Náttúrufræðistofa


04

Héraðsskjalasafn

05

Salurinn

Við mat á rekstri er leitast við að finna leiðir til að auka tekjur og draga úr kostnaði



Viðfangsefni bókasafnanna

01

Bókasafnið

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir og er öllum sveitarfélögum skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við lög um bókasöfn.

Bókasafn Kópavogs er með tvær starfsstöðvar, þ.e. Aðalsafn í Hamraborg og Lindasafn. Auk þess eru bókasöfn í grunnskólum. Heimilt er að reka almenningsbókasafn og skólasafn grunnskóla saman.


Hlutverk

Meginhlutverk safnsins er fyrst og fremst að bjóða Kópavogsbúum og öðrum aðgengi að þekkingu og stuðla að fjölbreyttri, öflugri og skipulagðri menningarstarfsemi og fræðslu fyrir samfélagið í heild.



Leiðarljós

Bókasafn Kópavogs hefur það að leiðarljósi að vera í fararbroddi almenningsbókasafna í landinu hvað varðar þjónustu, safnkost og búnað.



Framtíðarsýn

Að Bókasafn Kópavogs festi sig enn frekar í sessi sem hluti af Menningarhúsum í Kópavogi og sem hjarta menningarstarfs í Kópavogi með jákvæða ímynd í samfélaginu og trausta stöðu. Einnig er mikilvægt að safnið nái að þjónusta alla íbúa bæjarfélagsins með markvissari hætti en nú er gert með útibúi í efri byggðum.



Stefna

Að safnið þjóni öllum bæjarbúum með jöfnum aðgangi allra hópa samfélagsins að safninu með hentugri staðsetningu og safnkosti sem endurspeglar eftirspurn og standi vörð um þá fjölbreyttu og persónulegu þjónustu sem safnið býður.



Bókasafnið



Bókasafn Kópavogs er vettvangur bæjarbúa til að hittast, verja tíma með vinum og fjölskyldu og nýta sér fjölbreyttan safnkost



Áskoranir

- Starfsmenn ná ekki að sinna þróunar- og nýsköpunarverkefnum að mati forstöðumanns
- Áskorun að þjónusta efri byggðir Kópavogs



Hvað er gert vel

- Starfsmenn í góðum samskiptum sín á milli að mati forstöðumanns
- Mjög skýrir verkferlar og verkefnaskipting
- Góð samskipti milli starfsmanna og viðskiptavina



Tækifæri til úrbóta

- Auka sjálfsafgreiðslu með stafrænum lausnum
- Breyta opnunartíma og draga úr launakostnaði
- Auka áherslu á þróunar- og nýsköpunarverkefni í upplýsingamiðlun
- Leigja út salina á 1. og 3. hæð
- Langtíma markmið fyrir Kópavogsbæ að bjóða upp á bókasafnsþjónustu í efri byggðum, mögulega í samstarfi við skólabókasöfn

Launakostnaður bókasafna Kópavogs

- Að mati ráðgjafa eru tækifæri til að draga úr launakostnaði með því að draga úr opnunartíma og/eða draga úr mönnun á tilteknum tímum dags með sjálfsafgreiðslu.
- Á tímabilinu 2020-2022 var yfirvinna sem hlutfall af heildarlaunakostnaði fyrir bókasöfnin rúmlega 17% á Bókasafni Kópavogs en tæplega 22% á Lindasafni
 - Að hluta til er um fasta yfirvinnu að ræða og að hluta vegna opnunartíma utan dagvinnu
 - Bókasöfnin eru opin sex daga vikunnar
 - Aðalsafnið í samtals 46 klst.
 - Lindasafnið í samtals 24 klst

	Heildarlaunakostnaður 2022	Launakostnaður á hverja opunarstund	Dregið úr opnun/ sjálfsafgreiðsla	Samdráttur klst á ári	Áætlað hagræði
Aðalsafn	153.674.917	57.860	1 klst á dag	300	17.357.860
Lindasafn	25.481.020	16.987	0,5 klst á dag	150	2.548.102
				Alls	19.905.962

Dæmi:

- Sett verði upp sjálfsafgreiðsla og/eða dregið úr opnunartíma um 15%. Sem samsvarar 1 klst. á dag á Aðalsafni og hálfri klst. á Lindasafni
- Launakostnaður lækkaður um tæpar 20 mkr. frá launakostnaði ársins 2022.

Aðalsafn, rekstrargreining

Hluti af greiningu á núverandi stöðu deilda innan menningarmála var rýni í rekstrartölur ársins 2022.

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit Bókasafns Kópavogs, aðalsafns, árið 2022 og skýringar á helstu rekstrarstærðum.

Rekstrarhalli ársins nam 236,5 millj. kr. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 231,3 millj. kr. á árinu 2022.

Bókasafn Kópavogs

Rekstrartekjur

	<u>Árið 2022</u>
Tekjur	12.044.577
	<u>12.044.577</u>

Helstu stærðir:

Tekjur: Tekjur Bókasafns Kópavogs eru að stærstum hluta vegna sölu á útlánakortum og útleigu á sölum.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	153.674.917
Annar rekstrarkostnaður	94.898.549
	<u>248.573.466</u>

Laun og launatengd gjöld: Á árinu 2022 voru um 13 stöðugildi hjá bókasafni Kópavogs. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum er um 17%.

Rekstrarhalli.....	<u>(236.528.889)</u>
--------------------	----------------------

Annar rekstrarkostnaður: Af 94,9 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði nemur innri kostnaður vegna leigu á húsnæði og búnaði samtals 64,7 millj. kr. Fyrir utan innri kostnað eru helstu kostnaðarliðir kaup á bókum og tímaritum að fjárhæð 13 millj. kr. og kaup á ýmsum búnaði að fjárhæð 6,5 millj. kr.

Lindarsafn, rekstrargreining

Hluti af greiningu á núverandi stöðu deilda innan menningarmála var rýni í rekstrartölur ársins 2022.

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit Lindarsafns árið 2022 og skýringar á helstu rekstrarstærðum.

Rekstrarhalli ársins nam 40,2 millj. kr. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 40,8 millj. kr. á árinu 2022.

Lindarsafn

Rekstrartekjur

	<u>Árið 2022</u>
Tekjur	569.700
	<u>569.700</u>

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	25.481.020
Annar rekstrarkostnaður	15.274.942
	<u>40.755.962</u>
Rekstrarhalli.....	<u>(40.186.262)</u>

Helstu stærðir:

Tekjur: Tekjur Lindarsafns eru vegna sölu á útlánakortum.

Laun og launatengd gjöld: Á árinu 2022 voru um 2 stöðugildi hjá Lindarsafni. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum er um 20%.

Annar rekstrarkostnaður: Af 15,3 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði nemur innri kostnaður ekki nema 0,3 millj. kr. og er vegna leigu á tölvukerfi. Helstu kostnaðarliðir eru önnur vörukaup að fjárhæð 10,1 millj. kr. og kaup á bókum og tímaritum að fjárhæð 3,5 millj. kr.

Bókasöfn borin saman

	Bókasöfn Kópavogs	Bókasafn Hafnarfjarðar	Bókasafn Garðabæjar	Bókasafn Seltjarnarnes	Borgarbókasafn Reykjavíkur	Bókasafn Mosfellsbæjar	Bókasafn Akureyrar
Gjaldskrá	0-17 ára, ellilífeyrisþegar/-öryrkjar ókeypis. 18-66 ára 2.700 kr.	0-17 ára, ellilífeyrisþegar/-öryrkjar ókeypis. 18-67 ára 2.700 kr.	0-17 ára, ellilífeyrisþegar/-öryrkjar ókeypis. 18-67 ára 2.500 kr.	0-17 ára, ellilífeyrisþegar/-öryrkjar ókeypis. 18-67 ára 2.600 kr.	0-17 ára, ellilífeyrisþegar/-öryrkjar ókeypis. 18-67 ára 2.800 kr.	0-17 ára, ellilífeyrisþegar/-öryrkjar ókeypis. 18-66 ára 1850 kr.	2.600 kr.
Opnunartími	Aðalsafn virka daga kl. 8-18 og laugardaga kl. 11-17 Lindasafn virka daga 13-18 og laugardaga 11-15	- Mánudagar – fimmtudagar : 09:00 – 19:00 (Dregið úr mönnun milli 9 og 10) - Föstudagar : 11:00 – 17:00 - Laugardagar: 11:00 – 15:00	- Virka daga kl. 9-19 (sjálfsafgreiðsla milli 09:00-10:00 og 18:00-19:00) - Laugardaga frá 15.ágúst.–31. maí kl. 11-15	- mán - fim kl. 10:00-18:30 - fös kl. 10:00-17:00- - lau, kl. 11:00-14:00 (sept-maí) - Lokað á laugardögum júní - ágúst	- Mán – fim frá 10–18 - Fös 11:00 – 18:00 - Gerðuberg opnar 9 alla virka daga og úlfárssdal frá 6:30-22:00 og um helgar 9-22:00 (sjálfsafgreiðslu tíma frá 9-10)	- Mán - fös 9:00 - 18:00 - Laugardaga 12:00 - 16:00	- Virka daga frá 08:15-19:00 (sjálfsafgreiðsla milli 8:15-10:00) - Laugardagar: 11.00–16.00
Stöðugildi	15,4 stöðugildi (Aðalsafn og Lindasafn) 10 í afleysingum	15,5 stöðugildi 6 í afleysingum	6,8 stöðugildi 2 í afleysingum, sem starfa 11 tíma á viku	5 stöðugildi 2 í afleysingum	22 stöðugildi 2 í afleysingum (Bókasafnið í Grófinni)	5,5 stöðugildi 3 afleysingum	11 stöðugildi 1,5 stöðugildi sem eru einstaklingar í atvinnustuðningi



Tækifæri

- Lagt er til að auka sjálfsafgreiðslu með stafrænum lausnum og breyta/stytta opnunartíma þannig að hægt sé að ná niður launakostnaði t.d. vegna yfirvinnu.
- Að mati forstöðumanna er mikilvægt að auka áherslu á þróunar- og nýsköpunarverkefni í upplýsingamiðlun.
- Hægt er að auka tekjur safnsins með því að leigja út salina á 1. og 3. hæð.
- Æskilegt er að finna leiðir til að bjóða upp á bókasafnsþjónustu í efri byggðum, mögulega í samstarfi við skólabókasöfn á því svæði.

Bókasafnið



Bókasafn Kópavogs stefnir að því að vera bæjarbúum “heimili að heiman” í daglega lífinu.

Viðfangsefni Gerðarsafns

02

Gerðarsafn

Gerðarsafn opnaði þann 17. apríl 1994 og byggir á gjöf sem erfingjar Gerðar Helgadóttur færðu Kópavogsbæ árið 1977. Skilyrði fyrir gjöfinni var að Kópavogsbær skyldi byggja listasafn, sem tengdist nafni Gerðar, geymdi og sýndi verk hennar og héldi að öðru leyti minningu hennar á lofti. Gerðarsafn sinnir hlutverki listasafns og hefur tekið við fleiri listaverkasöfnum til varðveislu. Gerðarsafn býður upp á þriðja stærstu safneign landsins og hefur aðsókn að safninu aukist eftir covid vegna áherslu á samtímalist, fræðslu og heildræna upplifun.

Meginhlutverk

Gerðarsafn starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna.




Fræðsla

Í Gerðarsafni er lögð áhersla á að efla áhuga, þekkingu og skilning á myndlist með sýningum, fræðslu og annarri miðlun.

Boðið er upp á skólaheimsóknir og leiðsagnir fyrir hópa.

Varðveisla

Gerðarsafn hefur það að meginhlutverki að hafa umsjón með listaverkæign Kópavogsbæjar, safna, miðla og varðveita.



Menning

Á Gerðarsafni er boðið upp á fjölbreytt sýningarhald á verkum íslenskra og erlendra samtímalistamanna samhliða sýningum úr safneign. Starfsemi safnsins endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu.

Gerðarsafn



Gerðarsafn er framsækið nútíma- og samtímalistasafn í Kópavogi sem býður uppá mikla möguleika.



Áskoranir

- Undirmannað að mati forstöðumanns
- Kostnaður við uppsetningu sýninga



Hvað er vel gert

- Boðið uppá fjölbreyttar og flottar sýningar
- Þriðja stærsta safneign landsins
- Mikil aukning í aðsókn eftir covid
- Góð og skilvirk samskipti við listamenn




Tækifæri til úrbóta

- Breyta hlutverki starfsmanna og auka áherslu á útleigu á sölum og fræðslu til þess að afla meiri tekna
- Auka sértekjur, svo sem með styrkumsóknum
- Hækka verð og breyta opnunartímum líkt og önnur söfn hafa gert
- Breyta opnunartíma og draga úr launakostnaði
- Nýta styrki í nýsköpunar- og þróunarverkefni í stað tímabundinna ráðningasamninga
- Fá meiri aðstoð frá húsverði til þess að sjá um almennt viðhald og rekstur fasteignar
- Bæta upplýsingagjöf um útleigu á sölum fyrir viðburði, svo sem á vefnum

Þróun gestafjölda



- Töluverð fjölgun hefur orðið á gestum sem heimsækja Gerðarsafn, þökk sé aukinni áherslu á samtímalist, fræðslu og áherslu á heildræna upplifun.
- Frá 2014 til 2022 hefur aukningin verið 30,9% að meðaltali milli ára.



Prósentu breyting milli ára									
Ár	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
%	-	51,6%	33,5%	93,9%	6,8%	46,6%	-25,9%	15,7%	24,6%

Launakostnaður Gerðarsafns

- Að mati ráðgjafa eru tækifæri til að draga úr launakostnaði með því að draga úr opnunartíma og/eða draga úr mönnun á tilteknum tímum dags með sjálfsafgreiðslu.
- Yfirvinna sem hlutfall af heildarlaunakostnaði fyrir Gerðarsafn á tímabilinu 2020-2022 hefur verið á bilinu 29,2-31%.
 - Að hluta til er um fasta yfirvinnu að ræða og að hluta vegna opnunartíma utan dagvinnu, meðal annars vegna hlutastarfsmanna.
- Gerðarsafn er opið sjö daga vikunnar í samtals 49 klst.

	Heildarlaunakostnaður 2022	Launakostnaður á hverja opunarstund	Dregið úr opnun/ sjálfsafgreiðsla	Samdráttur klst á ári	Áætlað hagræði
Gerðarsafn	55.341.958	22.270	1 klst á dag	350	7.794.642

Dæmi:

- Sett verði upp sjálfsafgreiðsla og/eða dregið úr opnunartíma um 15%, sem samsvarar 1 klst. á dag
- Þá má lækka launakostnað um tæplega 8 mkr. frá launakostnaði ársins 2022.

Gerðarsafn, rekstrargreining

Hluti af greiningu á núverandi stöðu deilda innan menningarmála var rýni í rekstrartölur ársins 2022.

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit Gerðarsafns árið 2022 og skýringar á helstu rekstrarstærðum.

Rekstrarhalli ársins nam 140,5 millj. kr. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 147,0 millj. kr. á árinu 2022.

Um 70 m.kr. eru vegna húsaleigu og tölvukerfis.

Gerðarsafn

Rekstrartekjur

	<u>Árið 2022</u>
Tekjur	30.555.247
	<u>30.555.247</u>

Helstu stærðir:

Tekjur: Tekjur Gerðarsafns eru að mestu leyti vegna styrkja frá Safnasjóði vegna ýmiss konar verkefna. Aðrar tekjur safnsins eru aðgangseyrir inná ákveðnar sýningar, vörusala og aðstöðuleiga.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	55.341.958
Annar rekstrarkostnaður	115.758.464
	<u>171.100.422</u>

Laun og launatengd gjöld: Á árinu 2022 voru tæp 4 stöðugildi hjá Gerðarsafni. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum er um 31%.

Rekstrarhalli.....	<u>(140.545.175)</u>
--------------------	-----------------------

Annar rekstrarkostnaður: Af 115,8 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði nemur innri kostnaður 69,4 millj. kr. og er vegna húsaleigu og tölvukerfis. Fyrir utan innri kostnað eru helstu kostnaðarliðir greiðslur til verktaka vegna uppsetninga á sýningum, fræðslu, hönnunar og ljósmyndun samtals 26,6 millj. kr. Einnig er talsverður efniskostnaður vegna gerð sýninga eða samtals 5,9 millj. kr.

Listasöfn borin saman

	Gerðarsafn	Hafnarborg	Listasafnið á Akureyri	Hafnarhús Reykjavík	Kjarvalsstaðir Reykjavík	Ásmundarsafn Reykjavík	Hönnunarsafn Íslands GRB
Gjaldskrá	- Fullorðnir 1.000 kr.* - Eldri borgarar og námsmenn 500 kr - Yngri en 18 ára frítt, einnig öryrkja og félaga í SÍM, ICOM, FÍSOS	Aðgangur frír	- Aðgangseyrir kr. 2.000 - Eldri borgarar og námsmenn kr. 1.000	- Fullorðnir 2.150 kr. - Námsmenn 1.320 kr. - Yngri en 18 ára frítt - Öryrkjar frítt	- Fullorðnir 2.150 kr - Námsmenn 1.320 kr. - Yngri en 18 ára frítt - Öryrkjar frítt	- Fullorðnir 2.150 kr - Námsmenn 1.320 kr. - Yngri en 18 ára frítt - Öryrkjar frítt	- Fullorðnir: 1.000 kr. - Námsmenn: 500 kr. - Eldri borgarar: 500 kr. - Öryrkjar frítt - Yngri en 18 ára frítt
Opnunartími	Alla daga frá 10–17	- Alla daga frá 12–17 - Þriðjudagur lokað	Alla daga frá 12–17	- Alla daga frá 10–17 - Fimmtudagur 10–22	Alla daga frá 10–17	- Maí–september 10:00–17:00 - Október–apríl 13:00–17:00	- Alla daga frá 12–17 - Mánudagur Lokað
Stöðugildi	3,2 stöðugildi 4 starfsmenn 2 í hlutastarfi - Nokkur söfn eru með lokað einn virkan dag í viku - Breytilegur opnunartími eftir árstíðum *Óbreytt frá 2018	4,1 stöðugildi 6 starfsmenn 3 í hlutastarfi	6 stöðugildi 11 starfsmenn	26,5 stöðugildi alls 48 starfsmenn alls 17 starfsmenn í sérfræðistörfum í 19,6 stöðugildum 20 í framlínu í 6,9 í stöðugildum 11 í hlutastarfi.	26,5 stöðugildi alls 48 starfsmenn alls 17 starfsmenn í sérfræðistörfum í 19,6 stöðugildum 20 í framlínu í 6,9 í stöðugildum 11 í hlutastarfi.	26,5 stöðugildi alls 48 starfsmenn alls 17 starfsmenn í sérfræðistörfum í 19,6 stöðugildum 20 í framlínu í 6,9 í stöðugildum 11 í hlutastarfi.	2,55 stöðugildi 3 starfsmenn 2 í fullu starfi, 1 í 55% starfi 2 í helgarvinnu

ATH: Stöðugildi og starfsmenn eru fyrir allt Listasafn Reykjavíkur sem rekur listasöfnin þrjú (Hafnarhús, Kjarvalsstaði og Ásmundarsafn).
Meðaltal stöðugilda á safn er 8,8

Tækifæri

- Breyta hlutverki starfsmanna og nýta nýja starfsmenn í tekjuaukandi verkefni svo sem með útleigu á sölum og fræðslu.
- Auka sértekjur, svo sem með aukinni áherslu á umsóknir í styrktarsjóði og útleigu sala fyrir viðburði.
- Hækka aðgangseyri safnsins til að auka tekjur.
- Draga úr opnunartíma og þar með launakostnaði.
- Húsverðir veiti meiri aðstoð við almennt viðhald og rekstur fasteigna í stað starfsmanna safnsins.
- Leggja mat á hvort og þá hve mikið Gerðarsafn skuli greiða listamönnum fyrir uppsetningu eigin sýninga.
- Meta leigugrunn eigna sem mynda innri leigu.
- Meta hvort Gerðarsafn geti tekið við auknu hlutverki, svo sem sýningum Náttúrufræðistofu.
- Bæta upplýsingagjöf á útleigu á sölum fyrir viðburði á vefnum

Gerðarsafn



Gerðarsafn stendur að myndlistarverðlaunum til stuðnings við höggmyndalist hérlandis. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur og eru veitt árlega framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk.

Viðfangsefni Náttúrufræðistofu Kópavogs

03

Náttúrufræðistofa

Kópavogsbæ er ekki skylt að reka náttúrufræðistofu. Stofan starfar ekki á grundvelli laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, en í gildi er Stofnskrá fyrir Náttúrufræðistofu Kópavogs frá 15. september 2011. Í landinu eru starfandi átta náttúrustofur landshluta, utan höfuðborgarsvæðisins.

Náttúrufræðistofa Kópavogs hefur verið starfrækt síðan árið 1983 og byggir í grunninn á skeldýrasafni Jóns Bogasonar.

Rannsóknir

Rannsóknir eru stór hluti af starfseminni, einkum á sviði vatnavistfræði. Mikið samstarf er við aðrar rannsóknarstofnanir bæði innanlands og utan. Stærsti hluti sértekna kemur frá rannsóknastarfi. Rannsóknarverkefni Náttúrufræðistofu eru ekki afmörkuð við hagsmuni eða skipulagsmörk Kópavogsbæjar.




Fræðsla

Fræðsla er eitt af aðalhlutverkum Náttúrufræðistofu Kópavogs. Fræðsluhlutverkinu er fyrst og fremst sinnt með sýningarhaldi á náttúrugripum í eigu stofunnar auk gripa sem fengnir hafa verið að láni.

Varðveisla

Hlutverk Náttúrufræðistofu er að safna, varðveita og sýna náttúrugrip, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd.



Menning

Skeldýrasafn Jóns Bogasonar er kjarni náttúrugripasafnsins. Jafnframt stendur Náttúrufræðistofa Kópavogs fyrir sýningum um jarðfræði, fugla og spendýr.

Náttúru- fræðistofa



Hlutverk Náttúrufræðistofu er að safna, varðveita og sýna náttúrugripi, standa að fræðslu og rannsóknum í náttúrufræðum og stuðla að náttúru- og umhverfisvernd.



Áskoranir

- Óljós ávinningur Kópavogsbæjar er af rekstri rannsóknarstarfs
- Verkferlar og þekking starfsmanna er ekki skrásett
- Almennt skipulag fyrir starfsmenn stofunnar vantar
- Rafrænni skjalavörslu er ábótavant



Hvað er vel gert

- Sérhannað húsnæði fyrir rannsóknir og sýningar
- Mikil þekking á vatnavistfræði
- Gott samstarf við rannsóknarstofur og verkfræðistofur
- Mikil teymisvinna



Tækifæri til úrbóta

- Endurskoða markmið með rekstri safnsins með tilliti til lögbundinna verkefna sveitarfélaga
- Hugsanlega má aðskilja menningarstarfsemi (safnkost) og samkeppnisrekstur (rannsóknir)
- Úthýsa eða leggja niður rekstur að hluta eða öllu leyti
- Skrásetja verkferla og þekkingu starfsmanna
- Rafræn skjalavistun mætti vera skilvirkari
- Efla enn frekar samstarf við skóla í Kópavogi

Náttúrufræðistofa, rekstrargreining

Hluti af greiningu á núverandi stöðu deilda innan menningarmála var rýni í rekstrartölur ársins 2022.

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit Náttúrufræðistofu árið 2022 og skýringar á helstu rekstrarstærðum.

Rekstrarhalli ársins nam 74,4 millj. kr. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 75,3 millj. kr. á árinu 2022.

Launakostnaður á hvert stöðugildi er rúmar 13,1 mkr. sem er hærra en í öðrum deildum sem úttektin nær til að teknu tilliti til opnunartíma.

Náttúrufræðistofa

</

Tækifæri

- Rekstur Náttúrufræðistofu er ekki lögskylt verkefni sveitarfélaga og álitamál er hvort sveitarfélögum sé, með vísan til samkeppnislaga, heimilt að reka rannsóknarstarfsemi í samkeppni við aðra aðila. Er því mikilvægt að meta ávinning sveitarfélagsins og íbúa þess af því að starfrækja Náttúrufræðistofu í núverandi mynd. Hafa þarf í huga lögbundin verkefni sveitarfélaga og skörun við samkeppnisrekstur.
- Lagt er til að meta hagræði við að aðskilja menningarstarfsemi (safnkost/sýningar) og samkeppnisrekstur (rannsóknir).
- Skrásetja þarf betur verkferla og þekkingu starfsmanna.
- Auka þarf skilvirkni við rafræna skjalavörslu.
- Efla þarf enn frekar samstarf við skóla í Kópavogi.

Stofnskrá Náttúru- fræðistofu



8. gr.

*Komi til þess að
Náttúrufræðistofa
Kópavogs verði lögð
niður skal safnkosturinn
renna til sambærilegrar
stofnunar í samráði við
Náttúrufræðistofnun
Íslands og
Náttúruminjasafn Íslands.*

Viðfangsefni Héraðsskjalasafns

Hlutverk opinberra skjalasafna, og þar með Héraðsskjalasafns Kópavogs er að varðveita skjöl, veita aðgang að skjölum, leiðbeina um notkun skjala, hafa eftirlit með skjalavörslu afhendingarskyldra aðila, gangast fyrir rannsóknum á safnkosti og leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum.

04

Héraðsskjalasafn

Eftirlit


Hefur eftirlit með framkvæmd skjalavörslu hjá Kópavogsbæ og stofnunum bæjarins og hefur eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.



Varðveisla

Innheimtir og varðveitir skjöl frá skilaskyldum aðilum, hvort sem skjölin eru varðveitt á pappír eða með rafrænum hætti.

Skjalsöfn frá einstaklingum og félagasamtökum, sem ekki falla undir lögbundna skilaskyldu, eru fyrirferðarmikill þáttur í starfseminni. Þau ber að varðveita, skrásetja og ganga frá líkt og gildir um önnur skjöl.



Ráðgjöf

Er ráðgefandi um skjalavörslu, leiðbeinir um notkun skjala úr safninu og sinnir fræðslu til afhendingarskyldra aðila sem skila til safnsins. Einnig skal safnið samþykkja skjalavistunaráætlanir, yfirfara og samþykkja málalýkla og taka á móti tilkynningum um rafræn gagnasöfn.

Menning

Varðveitir og miðlar mikilvægum skjölum. Stendur fyrir sýningum á safnkostinum, heldur reglulega myndgreiningarmorgna og gefur kost á kynningum fyrir hópa. Kjarninn í þjónustu er lestrarsalurinn þar sem safnkosturinn er aðgengilegur almenningi og fræðimönnum.



Héraðs- skjalasafn



Markmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.



Áskoranir

- Undirmannað að mati forstöðumanns
- Afstaða stjórnenda til stafrænnar varðveislu gagna og rafrænna skila
- Miklar fjárfestingar framundan
 - Húsnæði ófullnægjandi og rýmisþörf vaxandi
 - Fjármagn til stafrænnar þróunar
- Ferlar ekki skráðir



Hvað er vel gert?

- Mikil þekking og fagmennska í starfsmannahópnum
- Verkaskipting góð
- Forgangsröðun verkefna skýr hjá starfsmönnum



Tækifæri til úrbóta

- Mörkuð verði stefna fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins þar sem skoðað verði m.a. möguleikar á nánara samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands eða önnur sveitarfélög
- Til að sporna við sívaxandi húsnæðisþörf til framtíðar er mikilvægt að stuðla að enn frekari stafrænni vörslu gagna
- Skrá ferla með það fyrir augum draga úr launakostnaði

Húsnæði Héraðsskjalasafns

Ráðgjafar fengu þann 20. mars afhent drög að minnisblaði deildarstjóra eignadeildar Kópavogsbæjar, *Ástand húsnæðis héraðsskjala- og bókasafns Fannborg 3-5*.

Þar kemur fram að núverandi húsnæði er ófullnægjandi og uppfyllir ekki þá staðla sem má finna í handbók Þjóðskjalasafns Íslands um skjalavörslu sveitarfélaga, útg. 2010.

Sterkar vísbendingar eru um að gögn Héraðsskjalasafnsins geti orðið fyrir skemmdum verði ekki brugðist við.

Deildarstjóri leggur til að nú þegar hefjist undirbúningur og þarfagreining fyrir val á heppilegra húsnæði.

Samkvæmt grófri kostnaðaráætlun má gera ráð fyrir að kostnaður við nýbyggingu fyrir Héraðsskjalasafn Kópavogs verði á bilinu **450-540 m.kr. án kostnaðar við lóð**.

Héraðs- skjalasafn



... nýbygging þyrfti að vera um 900 fermetrar. Nákvæm greining á byggingarkostnaði liggur ekki fyrir, en ætla má að kostnaður við hönnun, eftirlit og framkvæmd verði 500-600 þ.kr. pr. fermetra eða 450-540 m.kr. og er þá lóð ekki innifalin.

Flutningur Héraðsskjalasafnsins til Þjóðskjalasafns

Um þjónustu Þjóðskjalasafns gildir gjaldskrá nr. 1360/2021. Sú gjaldskrá liggur til grundvallar ef gögn Héraðsskjalasafns verða flutt og varðveitt í Þjóðskjalasafni. Samkvæmt áætlun úr minnisblaði bæjarlögmanns eru um 1.635 hillumetrar á Héraðsskjalasafni Kópavogsbæjar. Við mat á kostnaði er byggt á þeim forsendum.



Flutningur gagna

Gjald fyrir móttöku, frágang og flutning skjalasafna afhendingarskylds aðila sem hefur hætt starfsemi eða verið lagður niður er 8.100 kr./hillumetra, auk tímavinnu starfsmanns sem er 8.100 kr./klst. Nauðsynlegt er að afla tilboðs frá Þjóðskjalasafni til að fá raunhæfa kostnaðaráætlun, en hér er byggt á tilboði til Akraneskaupstaðar í samskonar vinnu. **Einsskiptiskostnaður.**

85 m.kr.



Varðveisla gagna 2025-2028

Gjald fyrir varðveislu skjala sveitarfélaga er 6.000 kr./hillumetra og 1.200 kr./gígabæt fyrir rafræn gögn. Er því áætlað að varðveisla gagnanna nemi **árlega** tæplega 10 m.kr. miðað við núverandi umfang.

40 m.kr.

Samtals kostnaður á tímabilinu

125 m.kr.



Vænt hagræði

Árlegur rekstrarhalli Héraðsskjalasafns Kópavogs er um 45 m.kr. Verði af flutningi í Þjóðskjalasafns má áætla að sparist um 180 m.kr. á árunum 2025 til ársins 2028.

180 m.kr.

Samtals áætlaður rekstrarávinningur 2025-2028

55 m.kr.

Frá 2028 verði árlegur sparnaður rúmar 30 m.kr. miðað verðlag og forsendur dagsins í dag. Að auki má gera ráð fyrir að draga megni úr kostnaði við fjárfestingu í húsnæði og stafrænum innviðum fyrir allt að 1.000 m.kr.

55

m.kr. er áætlaður heildar ávinningur fyrir Kópavogsbæ á árunum 2025-2028 ef gögn eru færð yfir til Þjóðskjalasafnsins á árinu 2024. Vert er að hafa í huga að ýmis tilfallandi kostnaður gæti bæst við svo sem ráðgjöf, lögfræðikostnaður og fleira.

Héraðsskjalasafn, rekstrargreining

Hluti af greiningu á núverandi stöðu deilda innan menningarmála var rýni í rekstrartölur ársins 2022.

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns árið 2022 og skýringar á helstu rekstrarstærðum.

Rekstrarhalli ársins nam 47,7 millj. kr. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 58,5 millj. kr. á árinu 2022.

Héraðsskjalasafn

Rekstrartekjur

	<u>Árið 2022</u>
Tekjur	11.782.033
	<u>11.782.033</u>

Helstu stærðir:

Tekjur: Tekjur Héraðsskjalasafns eru í formi styrkja og ríkisframlags.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	41.779.064
Annar rekstrarkostnaður	17.662.152
	<u>59.441.216</u>

Laun og launatengd gjöld: Á árinu 2022 voru um 4 stöðugildi hjá Héraðsskjalasafni. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum er um 18%.

Annar rekstrarkostnaður: Af 17,7 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði nemur innri kostnaður 13,9 millj. kr. og er vegna húsaleigu og tölvukerfis. Fyrir utan innri kostnað eru helstu kostnaðarliðir bækur og tímarit að fjárhæð 0,9 millj. kr. og annar rekstur húsnæðis svo sem hiti, rafmagn og sorp samtals 0,9 millj. kr.

Rekstrarhalli.....	<u>(47.659.183)</u>
--------------------	---------------------

Tækifæri

- Lagt er til að bæjarstjórn Kópavogsbæjar meti ávinning af því að flytja verkefni Héraðsskjalasafns til Þjóðskjalasafns á sambærilegan hátt og Reykjavíkurborg hefur til skoðunar. Hafa þarf í huga fjárfestingapörf til framtíðar varðandi húsnæði og stafræna innviði.
- Skoða mætti að gögn og starfsemi verði áfram staðsett í Kópavogi, en ábyrgð á skjalavörslu og eftirlit með henni færast til Þjóðskjalasafns skv. lagaskyldu þar um.
- Önnur leið er að taka upp viðræður við Þjóðskjalasafn um uppbyggingu framtíðarhúsnæðis og starfsemi Þjóðskjalasafns, mögulega staðsett í Kópavogi.
- Samhliða því er lagt til að gögnum sem varða sögu Kópavogs sérstaklega verði fundinn staður annars staðar, t.d. á Bókasafni Kópavogsbæjar.
- Nauðsynlegt er að ganga til viðræðna við Þjóðskjalasafn um framkvæmd, kostnað við flutning gagnanna og mögulega tímalínu verkefnisins.
- Greitt verði fyrir varðveislu skv. gjaldskrá Þjóðskjalasafns.
- Sporna þarf við aukinni húsnæðispörf til framtíðar með því að stuðla að stafrænni vörslu gagna og rafrænum skilum.

Héraðs- skjalasafn

Reykjavíkurborg hefur til skoðunar að flytja varðveislu og eftirlit með skjalavörslu frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns.

Salurinn

Salurinn var tekinn í notkun árið 1999 og var fyrsti sérhannaði tónleikasalur landsins.

Salurinn er vettvangur til tónleika-, viðburða og ráðstefnuhalds.

05

Salurinn

Tónleikar & viðburðir

Viðburðir í Salnum er afar fjölbreyttir; söngtónleikar, hljóðfæraleikur, uppistand og leiksýningar, þar sem fram koma innlendir og erlendir listamenn. Salurinn hefur hlotið mikið lof fyrir góðan hljómburð og vandaða viðburði.




Húsnæði

Salurinn rúmar 292 manns í sæti, 183 í sal og 109 á svölunum, auk 6 hjólastólustæða.

Tækjabúnaður

Tækjabúnaður Salarins er í hæsta gæðaflokki: fullkomið Meyer hljóðkerfi og góður ljósabúnaður. Í salnum eru tveir vandaðir flyglar, einn kröftugur Steinway og dásamlegur Bosendorferx



Þjónusta

Salurinn bæði framleiðir viðburði sjálfur ásamt því að vera eitt vinsælasta tónlistarhús landsins í útleigu.

Í Salnum er mikið lagt upp úr góðri þjónustu við listamenn og viðburðahaldara.

Salurinn



Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi og viðburðum.



Áskoranir

- Starfsmenn komnir að þolmörkum samkvæmt forstöðumanni
- Verkferlar eru ekki skrásettir
- Ekki er lögð nægileg áhersla á að auglýsa Salinn fyrir ráðstefnur og viðburði



Hvað er vel gert



- Salurinn er með sterka jákvæða ímynd, sérstaklega til tónleikahalds
- Sérhæft húsnæði og búnaður
- Mikill metnaður í starfseminni og gæði á tónleikum og viðburðum
- Góð samskipti við viðskiptavini
- Verkefnaskipting skýr



Tækifæri til úrbóta

- Auka tekjur með aukinni mönnun er sinnir markaðs- og sölustarfsemi og stjórn viðburða
- Skoða kosti og galla þess að bjóða reksturinn út
- Aukin áhersla á markaðssetningu fyrir ráðstefnur og viðburði en ekki eingöngu tónleika
- Fjölga viðburðum og auka tekjur
- Skrásetja alla verkferla
- Fela rekstraraðila að sjá um veitingar á viðburðum
- Uppfæra vefsíðu daglega og tryggja að ekki séu auglýstir liðnir viðburðir

Fjöldi viðburða og gesta 2016-2022



Áhrif heimsfaraldurs á fjölda viðburða og gestakomu eru augljós, en Salurinn er óðum að ná fyrri stöðu.

Töluverð tækifæri eru til að efla viðburðahald í Salnum enn frekar. Að mati forstöðumanns hefur verið mikið álag á starfsmönnum og ekki svigrúm til að leggja aukna áherslu á að auglýsa Salinn fyrir ráðstefnur.

Salurinn er staðsettur miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu við einn af fyrirhuguðum megintengipunktum Borgarlínu. Í því felast mikil tækifæri til vaxtar.

Þróun rekstrar 2018-2022

Framlag Kópavogsbæjar til rekstrar Salarins var tæpar 239 m.kr. á tímabilinu, eða að jafnaði um 48 m.kr. á ári.

Beinn kostnaður við rekstur fasteignarinnar er að jafnaði tæplega 38 m.kr.

Á árinu 2022 var gerð breyting á framkvæmd bókhalds, á þann hátt að nú er heild tekna og heild gjalda skráð. Fyrir þann tíma voru tekjur af miðasölu jafnaðar á móti gjöldum til listamanna.

	2018	2019	2020	2021	2022
35 Salurinn	24.394.416	29.487.438	61.826.123	76.176.121	46.810.626
35500 Tónlistarhús/Salurinn					
Tekjur alls	-38.158.972	-34.852.568	-26.177.560	-17.685.823	-67.822.114
Launakostnaður alls	34.269.499	37.154.801	37.159.391	37.347.302	43.222.240
Rekstrargjöld alls	32.496.183	36.422.548	26.446.659	30.520.488	47.623.052
35800 Fjármagnsliðir	11.828.304	16.921.326	11.831.521	13.428.042	11.221.336
35998 Afskriftir	12.566.112	12.566.112	12.566.112	12.566.112	12.566.112

Salurinn, rekstrargreining

Hluti af greiningu á núverandi stöðu deilda innan menningarmála var rýni í rekstrartölur ársins 2022.

Meðfylgjandi er rekstraryfirlit Salarins árið 2022 og skýringar á helstu rekstrarstærðum. Salurinn er rekin sem B hluta stofnun.

Rekstrarhalli ársins nam 46,8 m.kr. Fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar gerði ráð fyrir rekstrarhalla að fjárhæð 57,4 m.kr. á árinu 2022.

Salurinn

Rekstrartekjur

Tekjur	110.587.655
	<u>110.587.655</u>

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	43.058.948
Annar rekstrarkostnaður	90.551.885
Afskriftir	12.566.112
	<u>146.176.945</u>

Rekstrarhalli fyrir fjármagnsgjöld (35.589.290)

Fjármagnsgjöld (11.221.336)

Rekstrarhalli..... (46.810.626)

Helstu stærðir:

Tekjur: Tekjur Salarins eru að mestu leyti aðgangseyrir á viðburði. Aðrar tekjur eru vörusala af bar, aðstöðuleiga og styrkir.

Laun og launatengd gjöld: Á árinu 2022 voru rúm 3 stöðugildi hjá Salnum. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunum er um 34%.

Annar rekstrarkostnaður: Af 92,2 millj. kr. öðrum rekstrarkostnaði nemur innri kostnaður 8,5 millj. kr. og er vegna fasteignagjalda og tölvukerfis. Fyrir utan innri kostnað eru helstu kostnaðarliðir greiðslur til viðburðahaldara samtals 54,3 millj. kr. Hiti, rafmagn og sorp samtals 6,5 millj. kr., vörukaup til endursölu að fjárhæð 6,0 millj. kr. og auglýsingar að fjárhæð 3,4 millj. kr.

Afskriftir: Afskriftir að fjárhæð 12,6 millj. kr. eru vegna tónlistarhúsnæðisins sem er eina eign Salarins.

Fjármagnsgjöld: Fjármagnsgjöld að fjárhæð 11,2 millj. kr. eru að mestu vegna langtímaskuldar við aðalsjóð Kópavogsbæjar.

Fordæmi - Bæjarbíó

Rekstur Bæjarbíós í Hafnarfirði hefur verið í höndum einkaaðila síðan árið 2014, en núverandi rekstraraðili, Bæjarbíó slf., hefur séð um reksturinn frá 2016. Hafnarfjarðarbær byggði á reynslu Reykjavíkurborgar af útvistun Tjarnarbíós við undirbúning að útboði Bæjarbíós. Bæjarbíó slf. vann Hvatningarverðlaun Markaðsstofu Hafnarfjarðar árið 2018 vegna fjölbreyttra viðburða og tónleika sem drógu marga gesti til Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær leggur til húsnæði og búnað, en Bæjarbíó slf. ber ábyrgð á öllum rekstrarkostnaði og nýtur allra tekna. Tekjur félagsins árið 2017 voru um 25 m.kr., samkvæmt nýjasta birta ársreikningi.

Framlag Hafnarfjarðarbæjar vegna húsnæðis og búnaðar og er áætlað rúmar 12 m.kr. á ári, fyrir utan stærra viðhald og búnaðarkaup.



Helsti ávinningur Hafnarfjarðarbæjar við útvistun?

- Ímyndarlega mjög gott fyrir Hafnarfjarðarbæ
- Jákvæð menningarstarfsemi
- Listafólk sækist eftir því að vera með viðburði í Bæjarbíó
- Stykir miðbæinn
 - Veitingaaðilar og önnur þjónusta
- Endurgjaldslaus aðgangur bæjarins að húsinu
 - Bærinn nýtir aðstöðuna í vaxandi mæli
- Laus við áhættu af rekstrinum
- Mjög góðir rekstraraðilar með skýra sýn á hlutverkið og markmið í rekstri.
 - Úrvalspjónusta
 - Mikill hvati til þess að auka tekjur og setja upp viðburði
 - Bæjarbíó hefur tekið að sér verkefni fyrir hönd bæjarins, t.d. skautasvellið



Helstu ókostir Hafnarfjarðarbæjar við útvistun?

- Stærsti áhættupátturinn er rekstraraðilinn
 - Áhætta ef það er ekki góður aðili
 - Keðjuábyrgð við starfsfólk og birgja ef rekstraraðilinn bregst?
- Skortur á gagnsæi og eftirfylgd með rekstrinum af hendi bæjarins
- Gæta að samkeppnisaðstöðu við aðra aðila
- Bærinn ber enn kostnaðinn af húsinu og nýtur ekki hagnaðarins
 - Mætti setja veltutengda leigu

Samanburður valkosta

A. Halda áfram sambærilegum rekstri

- Setja markmið um árlegan vöxt í umsvifum og tekjum.
- Setja aukinn kraft í sölu- og markaðsstarf.
- Líklega þarf að auka framlög bæjarins, í það minnsta tímabundið, til að ná nýjum markmiðum.
- Breyta áherslum í verklagi og starfsmannamálum, þannig að stjórnandi og starfsfólk sé með einbeitta sýn á vöxtinn.
- Draga úr fastráðningum starfsmanna og fjölga tímavinnufólki, til að takast á við sveiflur í rekstrinum.
- Útvista veitingarekstrinum.

B. Útvista rekstri Salarins

- Setja markmið um árlegan vöxt í umsvifum.
- Setja skilyrði um notkun og aðgengi Kópavogsbæjar að Salnum fyrir sína starfsemi.
- Auglýsa eftir rekstraraðilum sem eru reiðubúnir að auka umsvif Salarins í samræmi við stefnu Kópavogsbæjar.
- Taka afstöðu til þess hvort rekstraraðilinn geti bæði sinnt viðburðahaldi og veitingarekstri.
- Taka afstöðu til þess hvort og þá hve mikið Kópavogsbær er tilbúinn að leggja til rekstrarins, í það minnsta fyrstu rekstrarárin.
- Meta samkeppnisáhættu.
- Taka afstöðu til þess hvernig leiga verður samsett.
 - Föst leiga
 - Veltutengd leiga
 - Blönduð leið

C. Hætta rekstri Salarins í núverandi mynd og auglýsa húsið til leigu eða sölu án kvaða.

- Verði sú leið valin að leiga húsið þarf að vanda val á leigutaka og skilgreina ábyrgðir og skyldur aðila í leigusamningi.

Tækifæri

Lagt er til að bæjarstjórn Kópavogsbæjar marki skýra stefnu um að auka umsvif og tekjur Salarins, m.a. með það að markmiði að aðrir rekstraraðilar í nágrenninu njóti góðs af.

Samhliða verði sett markmið um að framlög Kópavogsbæjar til rekstrarins lækki.

Valkostir

- A. Halda áfram sambærilegum rekstri
- B. Útvista rekstri Salarins
- C. Hætta rekstri Salarins í núverandi mynd og auglýsa húsið til leigu án kvaða.

Salurinn



Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi og viðburðum.

Lagt er til að áherslum í markaðsstarfi verði breytt á þann hátt Salurinn sé fyrir fjölbreytta menningarviðburði og ráðstefnur, en ekki fyrst og fremst tónlistarhús.

Tækifæri

Einnig er lagt til að:

- Auka tekjur með aukinni mönnun er sinnir markaðs- og sölustarfsemi ásamt stjórn viðburða enn þannig er hægt að fjölga viðburðum og auka tekjur.
- Aukin áhersla á markaðssetningu fyrir ráðstefnur og viðburði en ekki eingöngu tónleikahald.
- Skrásetja þarf helstu verkferla með það fyrir augum að bæta verklag og tryggja þekkingu á rekstrinum.
- Veitingasölu verði útvistað til rekstraraðila.
- Vefsíða verði uppfærð daglega og tryggt að ekki séu auglýstir liðnir viðburðir.

Salurinn



Meginhlutverk Salarins er að auðga tónlistarlíf í Kópavogi og efla almennan áhuga og þekkingu á tónlist meðal annars með fjölbreyttu tónleikahaldi og viðburðum.

Lagt er til að áherslum í markaðsstarfi verði breytt á þann hátt Salurinn sé fyrir fjölbreytta menningarviðburði og ráðstefnur, en ekki fyrst og fremst tónlistarhús.

04

Áætlað hagræði og önnur tækifæri

Áætlað hagræði

Alla valkosti þarf að útfæra nánar og greina ávinning hvers og eins. Það er ekki auðvelt að áætla rekstrarhagræði af þeim breytingum sem hér eru reifaðar, því útfærsla þeirra getur haft mikil áhrif á tekjur og gjöld.

Auk þess þarf að gera ráð fyrir kostnaði við innleiðingu breytinga.

Í töflunni hér til hliðar er samanburður á kostnaði Kópavogsbæjar við þrjár stofnanir miðað við núverandi stöðu, borið saman við ítrustu breytingar

- Héraðsskjalasafn Kópavogsbæjar verði flutt til Þjóðskjalasafns
 - Árlegur kostnaður við vistun hjá Þjóðskjalasafni og sérfræðikostnaður við skjalasafn Kópavogsbæjar
- Náttúrufræðistofa Kópavogsbæjar verði lögð niður og sýningum fundinn annar staður
 - Árlegur kostnaður við rekstur sýninga
- Rekstur Salarins verði boðinn út, en Kópavogsbær beri áfram kostnað af rekstri fasteignarinnar
 - Árlegur kostnaður við rekstur fasteignar

	Núverandi staða	Eftir breytingar
Héraðsskjalasafn	- 47.000	- 15.000
Náttúrufræðistofa	- 74.000	- 10.000
Salurinn	- 47.000	- 37.000
Alls	- 168.000	- 62.000

Auk árlegs rekstrarhagræðis má gera ráð fyrir ávinningi af leigu, sölu eða breyttri nýtingu á húsnæði sem nýtt er undir Héraðsskjalasafn og Náttúrufræðistofu.

Auk þess þarf að áætla ávinning af því að draga úr fjárfestingaþörf í húsnæði og stafrænum innviðum til framtíðar.

Önnur tækifæri

Auka tekjur

Að forstöðumönnum verði gert að leggja aukna áherslu á að afla sértekna, svo sem með styrkumsóknum í samkeppnissjóði. Gjaldskrár verði endurskoðaðar.

Draga úr launakostnaði

Lagt verði mat á hvort hægt sé að draga úr kostnaði við yfirstjórn menningarmála, sem er umtalsvert hærri en hjá samanburðar-sveitarfélögum.

Að opnunartímar á bókasöfnum og Gerðarsafni verði endurskoðaðir.

Hagræði

Annar rekstrarkostnaður

Lagt verði mat á leigugrunn eigna sem mynda innri leigu.

Lagt verði mat á ávinning Kópavogsbæjar af samstarfi við menningarfélög, en framlögin eru nokkuð hærri en hjá samanburðarsveitarfélögum.

Ferlar og stafræn þjónusta

Ferlar og verlag á bókasöfnum, Gerðarsafni og í yfirstjórn menningarmál verði kortlögð, með það fyrir augum að finna úrbótatækifæri, m.a. með aukinni stafvæðingu og sjálfsþjónustu.

